



Fréttabréf

Íslenska bútaumsfélagið

Útgefandi Íslenska bútaumsfélagið, Austurbrún 21, 104 Reykjavík
2. tbl. 12. árgangur 2012



Dúkur eftir Guðnýju Benediktsdóttur. Stærð: 117x117 cm

Mikið úrval af fallegum efnum frá **Tilda**



Úrvalið er á
Smáratorgi



Ný saumavél frá **JUKI**



Tölvustýrð saumavél **HZL-G210** 180 sporgerðir
- einföld í notkun þar af 1 leturgerð

- með klippum; sparar bæði tíma og tvinna
- betri spor með "box-feed" hreyfingu flytjara

Minnum á vörurnar frá



- stungutvinni (bómull, ull, metallic ofl.)
- límspreið vinsæla
- og fleira...



Nánar um vöruúrval á www.bingvarsson.is

B. INGVARSSON ehf.
BÍLDSHÖFÐA 18 - 110 REYKJAVÍK
Sími: 588 9977 - bingvarsson@simnet.is



Quiltbúðin
bútaaumur • handvinnu • gám

Dísuklúbburinn byrjar
aftur í september



Quiltbúðin - Sunnuhlíð 12 - 603 Akureyri
Sími 461 2241 - www.quiltbúðin.is

Efnisyfirlit

Dagskrá félags- og saumafunda	
veturinn 2012-2013	4
Bollamottur	4
Skýrsla formanns á aðalfundi 12. maí 2012	5
Sölusýning og sýningarnar Vinahringir og	
Strandmenning 15.-18. mars 2013.....	6
Samkeppni - Sýning á jólafundinum - 28.11.2012 ..	6
Sprettur á Austurlandi	7
Litað með sólarlitum	8
Bókaumfjöllun.....	9
EQA sýning í Birmingham	11
Október - bleiki mánuðurinn.....	14
Orkuteppið.....	16
Minningargrein	17
Strandmenning	18
Hetjuteppi á aðalfundi 2012	19
Ræmurnar Hornafirði	20
Leiðbeiningar fyrir jólasveinamottu	22
Leiðbeiningar fyrir kaffibolla.....	23
Viðtal við Sigrúnu I. Sveinbjörnsdóttir	24
Stjórn og nefndir félagsins 2012-2013	26

Dúkurinn á forsíðunni er saumaður af Guðnýju Benediktsdóttur.
Stærð dúksins er 117x117 cm.

Mynd á baksíðu er eftir Sigrúnu I. Sveinbjörnsdóttur.
Forsíða á franskan ferðabækling.

Útgefandi: Íslenska bútaumsfélagið
Ábyrgðarmaður: Lovísa Jónsdóttir
Ritnefnd: Margrét Óskarsdóttir
margretoskars@simnet.is
Erla Esther- og Sigurðardóttir
erla74@hotmail.com
Heimilisfang: Austurbrún 21, 104 Reykjavík
Sími: 553 6401
Heimasíða: www.butasaumur.is
Netfang: fingurbjorg@gmail.com
Umbrot og prentun: Leturprent
Prófarkarlestur: Kristín Jónsdóttir
og Valgerður Óskarsdóttir

Frá formanni

Heilir og sælir kærur félagar.

Nú lýkur senn sólríku og hlýju sumri á þessu landi. Vonandi hafið þið átt góða sumardaga og komið með gleði í hjarta og jákvæðni í farteskinu í starf næsta vetrar.

Ég ætla að biðja ykkur að lesa vetrardagskrána vel því að í henni eru margar nýjungar. Það fyrsta sem ég vil nefna er að við flytjum úr Fella -og Hólakirkju í Grensáskirkju, sem er við hliðina á Austurvegi á Háaleitisbraut. Sú kirkja er vonandi meira í alfaraleið fyrir sem flesta. Breytt verður til með „jólagjafir“, á jólafundinum og munu allir fá samskonar jólagjöf, „bollamottu“. Þetta er vegna þess að jólagjafirnar til þessa hafa verið mjög misjafnar.

Vegna fjölda fyrirspurna er gert ráð fyrir tveimur saumadögum og eru þeir ætlaðir öllum, bæði nýliðum og lengra komnum, en umfram allt ætlum við að njóta þess að sauma saman og gera það sem gleður okkur. Fyrri saumadaginn verður t.d. farið yfir ýmsar gerðir af bollamottum fyrir jólafundinn.

Af ýmsum ástæðum verður ekkert af sölusýningunni í haust en þess í stað verður sölusýning í Perlunni 15.-18. mars á næsta ári. Sjá nánar á bls. 6. Þar verða einnig ein eða fleiri smásýningar sem getið verður um síðar.

Samkeppnir

Um jólin ætlum við að hafa eina samkeppni um verk í litunum rautt, hvítt og blátt. Um verkin greiðum við atkvæði á jólafundinum. Á fyrsta fundi verður ræmuhappdrætti í þessum litum. Með vorinu verður svo EQA samkeppnin sem að þessu sinni eru þríhyrningar í bláum lit. Það verður spennandi að sjá hvernig það kemur út, en nánar verður sagt frá því eftir áramót.

Ég hlakka til að sjá ykkur á komandi vetri. Látið okkur í stjórninni endilega vita af hugmyndum ykkar um það sem þið viljið fá inn á fundi, s.s. nýjar aðferðir eða eitthvað sem ykkur dettur í hug.

Lovísa Jónsdóttir

Námskeið á vegum Íslenska bútaumsfélagsins veturinn 2012-2013

Íslenska bútaumsfélagið fyrirhugar að halda námskeið ef Ínæg þátttaka fæst. Fyrstu námskeiðin gætu jafnvel orðið á saumadegi í október. Áhugasamir eru beðnir að hafa samband við leiðbeinendur sem fyrst og skrá sig.

- **Kennsla á forritið EQ6.** Leiðbeinandi, Iðunn Leifsdóttir, gefur nánari upplýsingar. idunnl@simnet.is
- **Byrjunarnámskeið í vélsaumi.** Leiðbeinandi, Margrét Ósk Árnadóttir, gefur nánari upplýsingar. moa2@simnet.is
- **Pappírssaumur** (e.paper piecing). Leiðbeinandi, Lynda Harðardóttir, gefur nánari upplýsingar. krumlynd@simnet.is

Dagskrá félags- og saumafunda veturinn 2012-2013

Fundirnir verða haldnir í Safnaðarheimili Grensáskirkju, Háaleitisbraut 66, 108 Reykjavík, síðasta miðvikudag í mánuði, kl. 19:30-21:30, nema saumafundur sem verða á laugardögum kl. 10-16. Aðgangseyrir kr. 500.- Mætum stundvíslega!

Miðvikudagur 26. september 2012 kl. 19.30

- Kynning frá verslunum: Quiltkarfan og B. Ingvarsson
- EQA fréttir frá Birmingham í máli og myndum
- Kynning á samkeppni vetrarins: Blátt-hvítt-rautt
- Ræmuhappdrætti: Fundargestir komi með bláar, hvítar og rauðar ræmur 2 ½“
- Kaffihlé
- Happdrætti
- Klúbbakynning: Gleðituskurnar

Laugardagur 27. október 2012 kl. 10.00-16.00 – SAUMAFUNDUR

Saumað af hjartans list

- Kynning frá verslun: Bóthildur
- Kennsluverkefni: Fléttuð stjarna
- Kynning á bollamottusaumi – Mug Rugs

Miðvikudagur 28. nóvember 2012 kl. 19.30 – JÓLAFUNDUR

- Jólagjafir hengdar upp – bollamottur

Bollamottur

Nýtt á jólafundi 28.11.2012 – bollamottur handa öllum!

Á jólafundinum í ár verður breytt fyrirkomulag á jólagjöfum, sem vonandi þykir spennandi nýbreytni. Óskað er eftir að allir saumi bollamottur til að gefa. Bollamottur, sem eru kallaðar Mug Rugs á ensku, hafa verið vinsælar í bútaheiminum undanfarið og má finna á Internetinu ótal fyrirmyndir, s.s. <http://tipnut.com/mug-rugs/>

Bollamottu má líkja við litla diskamottu eða stóra glasamottu. Stærðin getur verið frá 4“x 6“ til 8“x 10“ og allt þar á milli. Sumir senda bollamottur í stað tækifæriskorta og sauma í þær texta. Verkefnið er skemmtilegt og ekki síður ögrandi. Tilvalið er að nota afganga, ábyrjað/ólókið, skera sundur og skeyta saman, bæta við, eða æfa nýjar aðferðir, mynstur og litasamsetningar. Gefið ímyndunaraflinu og litagleðinni lausan tauminn og saumið alls konar bollamottur í jólagjafir. Merkið gjarnan með fangamarki og ártali.

Félagar sem búa utan höfuðborgarsvæðisins og komast

- Hugvekja
- Jólakaffi
- Blátt-hvítt-rautt. Sýning, kosning og verðlaunaafhending
- Sérhver fundargestur taki með sér eitt jólalegt verk til að skreyta salinn!

Miðvikudagur 30. janúar 2013 kl. 19.30

- Kynning frá verslun: Virka
- Ameríkufærðir í máli og myndum
- Kaffihlé
- Happdrætti
- Ameríkufarar mæta og sýna og segja frá

Laugardagur 23. febrúar 2013 kl. 10.00-16.00 SAUMAFUNDUR

- Kennsluverkefni: bindingar, rennilásar og frágangur
- Félagskonur hvattar til að koma með ófrágengin stykki.

15.-18. mars Sölusýning í Perlunni (sjá auglýsingu annars staðar í blaðinu)

Laugardagur 17. mars AÐALFUNDUR (nánar auglýst í vorblaði)

Laugardagur 27. apríl ÓVISSUFERÐ (nánar auglýst í vorblaði)

ekki á jólafundinn en vilja vera með í pottinum, sendi sínar mottur í pósti til Margrétar Ó. Árnadóttur, Barmahlíð 2, 105 Reykjavík fyrir 24. nóvember. Sent verður út á land strax eftir jólafundinn. Góða skemmtun!

Athugið að á saumadegi félagsins, sem haldinn verður laugardaginn 27. október kl. 10-16 í safnaðarheimili Grensáskirkju í Reykjavík, verður m.a. kynning á bollamottusaumi.



Skýrsla formanns á aðalfundi 12. maí 2012

Í fyrra var skorað á undirritaða að verða næsti formaður félagsins. Eftir stuttan umhugsunarfrest ákvað ég að taka slaginn og tók við starfinu á síðasta aðalfundi. Sjálf undraðist ég þetta áræði, aðrir sögðu: „Hvað varstu að hugsa?“. Mitt svar er, að það er sennilega „félagslegur þroski“, sem réði þeirri ákvörðun. Skilningur á því að það er ekki hægt að sitja úti í sal og bíða eftir að aðrir taki að sér vinnu og verk sem þarf að sinna til að félagið geti verið sá vettvangur sem lög og reglur segja til um.

Það kom mér á óvart hversu margt fylgir því að vera formaður Íslenska bútasaumsfélagsins. Það þarf að skrifa greinar í blaðið (mínir hæfileikar eru mestir í fingrunum, ekki að sitja við ritstörf), svara erlendum skrifum og margt fleira. Það þarf að púsla saman dagskrá næsta starfsárs sem birtast þarf í næsta haustblaði. Til þess að það gengi, fór sumarið meira og minna í vökur og áhyggjur af því verki. Konur voru uppteknar við sín sumarstörf, ýmist á ferðalagi innan eða utanlands. Það er ekki hlaupið að því að fá fólk til að eyða miklum tíma af okkar stutta sumri í félagsstörf. Reynt var að kalla á fundi, hringja og senda tölvupósta til að berja dagskrána saman, og viti menn það tókst og blaðið er komið í ykkar hendur með dagskránni fullskapaðri. Þökk sé ritstjóranum okkar Margræti Óskarsdóttur sem fylgdi okkur vel eftir.

Mikilvægt er að þær konur sem veljast í stjórnir og nefndir annist vel þau verk sem þær eiga að sinna, þannig að ekki hvíli allt á herðum einnar manneskju. Formaður á að geta kallað eftir upplýsingum frá nefndum en þær eiga á hinn bóginn að vinna sjálfstætt og hafa frumkvæði. Gagnlegt væri að taka saman verklýsingu fyrir hvern og einn nefndar- og stjórnarmann, þannig að viðkomandi geti gert sér grein fyrir því til hvers er ætlast af henni.

Á fyrsta fund nýrrar stjórnar mætti til okkar glæsilegur hönnuður Dísu-klúbbsins, Ásdís Erla Guðjónsdóttir, sem sýndi og sagði frá verkum sínum.

Annar fundur var saumafundur, haldinn á laugardegi til að gefa konum á landsbyggðinni kost á að mæta. Ingi-björg Guðjónsdóttir kenndi okkur afbrigði af Kirkjugluggum og Quilt-búðin á Akureyri var með kynningu á vörum sínum. Eftir hádegi fengum við félagi úr Origamifélaginu á Íslandi, þá Björn Finnsson og Jón Víði Jónsson til að kenna okkur ýmis Origamibrot. Um 40 konur sóttur þennan fund og komu fram óskir um að endurtaka svona saumafund á vegum félagsins.

Jólafundur var með hefðbundnu sniði. Fengum við til okkar hinn ástkæra söngvara Bergþór Pálsson sem flutti okkur hugvekju. Skipst var á jólagjöfum sem félagar höfðu sjálfir saumað eða voru bútasaumstengdar. Á eftir voru veglegar veitingar sem félagskonur tilreiddu.

Síðastliðinn vetur var okkur hér sunnan heiða nokkuð erfiður. Fannfergi hafði sín áhrif á fyrir fram auglýstan fundardag, 25. janúar. Þann dag var mikil ofankoma og ófærð í borginni. Því varð að fresta fundi í fyrsta sinn í sögu félagsins. Okkur tókst að bæta þann fund upp þann 18. febrúar og héldum við þá annan saumafund (10:00-16:00). Þar var lögð áhersla á að fá konur til þátttöku í samkeppnum félagsins, Strandmenningu og samkeppni EQA, Krossgötum. Svava Egilsdóttir sagði frá og sýndi hvernig vinna má við hugmynda- og myndbyggingu. Þá kom ritstjóri Húsfreyjunnar, Kristín Linda Jónsdóttir, og flutti okkur skemmtilegan fyrirlestur um jákvæðni og fleira. Mjög flott kona þar á ferð. Starfskonur frá Orkustofnun komu í heimsókn og sýndu og sögðu frá verki sem þær hafa unnið um starfssemi stofnunarinnar. Síðan fengum við Soffíu Magnúsdóttur textílkennara í heimsókn. Hún var með skemmtilegan fróðleik um litun efna og fleira. Regína Eiríksdóttir kom og sagði okkur frá verkum sínum.

Á lokafundi tókum við svo á móti býflugnabóndanum Þorsteini Ragnarsyni í Elliðahvammum sem fræddi okkur

um þessa náskyldu veru bútasaumskvenna „býfluguna“ (sem er sívinnandi) og Ragnheiður Björnsdóttir sagði okkur frá vorverkunum í garðinum sem bíða okkar ævinlega úti þegar sumarið nálgast og við hvílum saumavélina.

Fundir voru að öðru leyti hefðbundnir, s.s. „sýnt og sagt frá“ og „örnámskeið“.

Við höfum nú fengið nýjan ritstjóra að heimasíðunni og bætt við fésbókarsíðu. Það er hún Erla Esther- og Sigurðardóttir. Nýr EQA fulltrúi er Ragnheiður Björnsdóttir.

Í stjórn 2011-2012 sátu:

Lovisa Jónsdóttir, *formaður*


Hulda Petersen *ritari*

Svala Stefánsdóttir *gjaldkeri*.

Meðstjórnendur: Ragnheiður Björnsdóttir, María Lúisa Kristjánsdóttir og varamedstjórnendur Fanney Davíðsdóttir og Olga Magnúsdóttir.

Bestu þakkir til þeirra sem hafa lagt félaginu okkar lið með aðstoð og vinnu.

Lovisa Jónsdóttir




Samkeppni - Sýning á jólafundi - 28.11.2012

BLÁTT – HVÍTT – RAUTT

- Hvað?** Nytjahlutur: Dúkur, veggteppi, barnateppi
- Stærð:** 80 x 80 cm.
- Mynstur:** Frjálst (taka fram hvaðan hugmyndin kemur).
- Litaval:** Fánalitirnir „heiðblár, eldrauður og mjallhvítur“ - allir notaðir.
- Frágangur:** Slíður á baki 3“ og merking með nafni og heiti neðst til hægri. Fela nafnið.
- Verðlaun:** Jólafundargestir og dómnefnd velja besta verkið. Verðlaun verða veitt.
- Þátttöku þarf að tilkynna fyrir 15.10.12. á netfangið moa2@simnet.is eða í síma (sjá neðst).**
Þátttökueyðublað á heimasíðu, prentað út og skilað með verkinu.
- Skilafrestur:** Í vikunni fyrir jólafund (18.-24.11.) til undirritaðra, sem gefa nánari upplýsingar.
- Allir með!** Sýningarnefnd hvetur félagsmenn nær og fjær til að taka þátt í þessari samkeppni og styrkja þar með félagsstarfið og nýsköpun í íslenskum bútasáumi.

Góða skemmtun og gangi ykkur vel!

f.h. sýningarnefndar
Björk Arnardóttir, 867-9730
Guðríður Ólafsdóttir, 567-6014/698-6014
Margrét Ó. Árnadóttir, 551-8619/892-8619



Sölusýning og sýningarnar Vinahringir og Strandmenning 15.-18. mars 2013

Íslenska Bútasáumsfélagið stendur fyrir sýningu í Perlunni helgina 15. – 18. mars 2013. Sýningin verður tvíþætt annars vegar verður sýning á bútasáumsverkum og hins vegar sölusýning. Rétt til þátttöku í sölusýningunni hafa allir félagsmenn Íslenska Bútasáumsfélagsins. Miðað er við að þau verk sem verða til sölu tengist bútasáumi. Þátttökugjald verður kr 5000,- fyrir hvert borð 100x250 cm að stærð. Söluaðilar sjá sjálfir um sinn söluvarning og sölu á honum en félagið sér um að útvega þau borð sem þarf og uppsetningu á þeim.

Þeir sem eru með stór verk til sölu eru bednir að senda myndir af þeim með

það í huga að þau gætu verið valin til sýnis fyrir sölu. Félagið verður einnig með sölu á félagsvarningi. Nánar verður fjallað um sýninguna á heimsíðu félagsins www.butasaumur.is

Allar spurningar varðandi sýninguna og allar skráningar fyrir sölusýninguna skulu berast til Svölu Stefánsdóttur á netfangið gagga@centrum.is en hún mun halda utan um skráninguna.



Hvað ætti ég nú að kaupa?

Sprettur á Austurlandi



Efsta röð f.v.: Jenný Kristinsdóttir, Sara Jakobsdóttir, Anna María Sveinsdóttir, Torfhildur Friðjónsdóttir, Jóhanna Lindbergsdóttir, Eygló Friðriksdóttir, Ásta Jóhannsdóttir. Miðröð: F.v. Ólafía Herborg Jóhannsdóttir, Guðrún Benediktsdóttir, Kristín Ársælsdóttir, Ingibjörg Björgvinsdóttir, María Óskarsdóttir, Valdís Kristinsdóttir. Neðsta röð: F.v. Erna Nielsen, Þorbjörg Beck, Guðný Kjartansdóttir.

Sprettur er bútasaumsklúbbur á Austurlandi. Við komum víða að eða frá Breiðdalsvík, Stöðvarfirði, Fáskrúðsfirði, Eskifirði og Egilsstöðum. Við erum u.þ.b. 30 konur á öllum aldri sem hittast frá september til maí, einn sunnudag og einn laugardag í mánuði, eða á hálfsmánaðarfresti. Á sunnudögum hittumst við á Stöðvarfirði og Eskifirði og á laugardögum á Fáskrúðsfirði og Egilsstöðum þannig að við þurfum allar að aka nokkuð langt og skiptumst við á að gera það. Þannig bera allar kostnað

af ferðunum. Við erum vanar akstri og okkur finnst ferðalagið ekkert mál þó það verði um 120 km fram og til baka. Við njótum þess og yfirleitt er mjög vel mætt á bútahittinginn.

Á haustin taka þó nokkrar okkar þátt í saumahelgum á Löngumýri og þar kynnumst við öðrum klúbbum og frábærum konum alls staðar að á landinu sem við höldum síðan sambandi við. Í vor lukum við vetrinum með því að heimsækja Ræmurnar á Höfn í Hornafirði. Það var mjög skemmtilegt og vel

var tekið á móti okkur. Vonumst við til að slík heimsókn verði að árlegum viðburði.

Nú er orðin föst venja að halda bútahelgi hér fyrir austan síðustu helgina í febrúar. Þá kemur Krístrún Inga Geirsdóttir í Quiltbúðinni á Akureyri og er með okkur. Þannig njótum við þess að fá smá saumaorlof á þessum erfiða tíma árs.

Heimasíðan okkar www.123.is/sprettur er alltaf uppfærð eftir hvern hitting þannig að við bendum áhugasömum á að heimsækja hana til þess að sjá hvað við erum að gera. Nýir félagar eru alltaf velkomnir og þá er bara að hafa samband til þess að fá upplýsingar.

Jórunn Bragadóttir



Töskurnar hennar Valdísar Kristinsdóttur.



Silkiteppi saumað af Guðrúnu Benediktsdóttur.



Nornin, saumuð af Jórunni Bragadóttur.

Litað með sólarlitum

Sumarið 2008 fórum við nokkrar Skonur til Gautaborgar á Norræna bútasaumshátíð, NQT, sem haldin er á þriggja ára fresti til skiptis á Norðurlöndunum. Ísland var þar með sýningarbás í fyrsta og eina skiptið þar sem við sögðum okkur úr þessum samtökum árið eftir.

Á þessari hátíð voru sölubásar og meðal annarra var fyrirtæki frá Finnlandi, Emo-Tuotanto Oy, sem var að sýna og selja liti fyrir sólarlitun. Þessi litun fellst í því að mála efnid og leggja svo hluti ofan á og láta þorna. Þegar efnid þornar skýrast þeir hlutar efnisins sem fá á sig birtu en hinir ekki. Þrátt fyrir lélega birtu var sýnt hvernig þessir litir virkuðu og dugði birtan enda segja söluaðilar þessa liti til notkunar úti sem inni. Þar sem við getum ekki treyst á að fá heilan dag með sólarljósi og algjöru logni hér á Íslandi var það ákaflega spennandi kostur ef hægt væri að nota þessa liti innanhúss.

Ég fékk þá hugmynd að nota lauf af trjám í sumarbústaðalandinu okkar



hjúna. Ég keypti frumlitina rauðan, bláan og gulan en hafði ekki pláss í ferðatöskunni til að kaupa 1 lítra af vökvanum sem þarf til að blanda þessa liti með. Ákvað að ég hlyti að geta bjargað mér með hann síðar.

Sumarið eftir tíndum við hjónin laufin, pressuðum, þurrkuðum og skráðum. Þetta lenti þó bara í geymslu því að ég

hafði ekki enn fundið út hvernig ég næði í vökvan. Það tókst þó sumarið 2010 er ég fór á fund með eiginmanninum til Finnlands. Vorið 2011 hófst ég handa er eiginmaðurinn fór í nokkra daga til útlanda. Var ég þá búin að ákveða að gera dúk og hafa 9 búta 30x30 cm að stærð. Ég þurfti bæði pláss og birtu og því varð borðstofuborðið að vinnuborði. Ég notaði gamalt hvítt lak ef þetta færi nú á versta veg svo kostnaðurinn yrði ekki of mikill og keypti nokkra metra af plasti í Rúmfatalagernum til að breiða á borðið. Svo var bara að hefjast handa.

Leiðbeiningar voru á sænsku um hvernig ætti að blanda litina og það var auðvelt að fylgja þeim:

- Þekið undirlagið með plasti og setjið efnid ofan á það.
- Blandið litina sem á að nota. Það þarf 1-2 sterkblandaða liti.
- Málið efnid allt vel (efnið á að vera rakt).
- Setjið hlutina sem þú hefur valið ofan á málaða efnid. Hlutirnir myndast á efninu (lýsast) þegar efnid þornar.
- Það er líka hægt að krumpa eða vefja efnid.
- Látið þorna.
- Festið litinn með því að strauja frá röngunni í 15–30 sekúndur. Stillið straujárnid á bómull.





Þar sem ég hef haldið mig við bláan lit í sumarbústaðnum kom af sjálfu sér að hafa mynstrið í bláum tónum og nota svo rautt og gult til að fá aðeins litbrigði í bútana. Samkvæmt seljandanum í Gautaborg var best að nota lauf sem pressuð hefðu verið í sólarhring en ég var með 2 ára gömul lauf! Það kom strax í ljós að ekki var heppilegt að nota skraufþurr lauf. Þau verptu sig strax og þau fengu í sig rakann. Ég hafði lesið að þegar þurrkað væri úti í sól gæti þurft að setja smá farg ofan á „hlutina“ til að sólin kæmist ekki undir brúnirnar en gæta þó

að því að fargið væri ekki of þungt þar sem það kæmi niður á „framkölluninni“. Greip ég því til þess ráðs að setja hrísgrjón ofan á lafin en það dugði ekki til. Sem betur fer átti ég ½ kg af moksýkurmolum og héldu molarnir lafunum nokkurn veginn niðri. Nú var aðeins eftir að bíða til næsta morguns á meðan þetta þornaði.

Í ljós kom að litirnir voru í sterkasta lagi hjá mér og lafin voru nokkuð óskýr. Ég ákvað því að yfirborðssauma æðarnar í lafin áður en ég setti saman í stungu. Notaði ég mislitan þráð í

það. Síðan setti ég bútana saman með batikefni á milli og í kant og stakk síðan kringum hvert lauf og búa og þar með var dúkurinn tilbúinn.

Þeir litir sem ég notaði þarna fást því miður ekki hér á landi en í bókinni Fabric Art Workshop eftir Susan Stein, eru leiðbeiningar fyrir sólarlitun með „Dye-Na-Flow Transparent Fabric Paint“ frá Jacquard. Föndurlistinn í Holtagörðum, er með þá liti á lista sínum. Ég keypti mér líka pakkningu með 9 litum í Birmingham og prófaði hvort það gengi að nota þá innandyr. Tilraunin tókst nokkuð vel en litirnir eru ekki eins sterkir og þeir finnsku. Hugsanlega hef ég ofbleytt efnið í byrjun eða ekki notað nægilega mikið af litnum. Framköllunin heppnaðist þó að þetta væri gert innandyr en vissulega nálægt glugga í sólskini.

Ég hafði ákaflega gaman af þessum tilraunum. Þar sem birtan hjá okkur hér á Íslandi er mikil á sumrin virðist alveg tilvalið að lita innandyr á björtum sumar- eða vordegi.

Guðný Benediktsdóttir

Bókaumfjöllun

Þegar Björg Ólafsdóttir skoraði á mig í síðasta blaði að skrifa um bækur var ég fljót að ákveða að bækurnar eftir Elenor Burns í „Quilt in a day“ yrðu fyrir valinu.

Ég bjó í Bandaríkjunum fyrir nokkrum árum og horfði þá gjarnan á bútasaumsþætti í sjónvarpinu og þessi þáttur „Quilt in a day“ með Eleanor Burns var í upphaldi. Það var svo fyrir um það bil tveimur eða þremur árum að ég var stödd í búð í Bandaríkjunum og sá disk með Elinor og keypti hann ásamt bók. Diskurinn var svo góður að ég bauð „Svuntunum mínum“ (vinkonum mínum sem sauma með mér) í heimsókn og við horfðum á hann allt kvöldið.

Í fyrra þegar ég var á Löngumýri var þar kona að sauma upp úr blaði sem

heitir Quilt Magasinet. Ég féll alveg fyrir þessu blaði og gerðist áskrifandi að því þegar að ég kom heim. Síðan hef ég nánast ekki unnið upp úr neinu nema því vegna þess að skandinavískur stilli blaðsins, ljós og léttur, höfðar svo mikið til mín núna. Í Quilt Magasinet er að finna allt frá teppum og dúkum í töscur og buddur. Þetta er frábært blað sem vert er að skoða og það liggur alltaf eintak af því á náttborðinu hjá mér.

Að lokum vil ég þakka fyrir mig og skora á góða vinkonu mína og saumakonu, hana Jóhönnu Maríu

Jónsdóttur í Borgarnesi, að skrifa um sínar upphaldsbækur og blöð.

Erla Soffía Karlsdóttir





Samtök evrópskra bútasauksfélaga Samsýning EQA 2013

Hreyfing („Movement“)

Reglur

1. Jafnhliða þríhyrningur, **30 cm hver hlið**. Litur: **Blár**.
2. **Kantur: Frágengnir kantar en binding** má ekki sjást á framhlið.
3. **Bak:** Bláir litir.
4. Allar aðferðir leyfilegar, en þríhyrningarnir verða að vera í þremur lögum. Ekki er heimilt að ramma inn verkin. Viðkvæm verk eða stíf geta verið erfið í flutningi og til sýningar.
5. Verk allra aðildarlandanna verða til sýnis á „Festival of Quilts“ (EQA) 2013. Ef verkin verða lánuð á milli landa til sýnis á ársfundum, verður þeim skilað síðar en í september 2013.
6. Allir félagar innan Íslenska bútasauksfélagsins mega taka þátt í verkefninu. Ekkert þátttökugjald er og þríhyrningarnir verða ekki til sölu.
7. Allir þríhyrningar verða að vera með **10 cm (4 tommur) upphengi/slíður** á bakhlið á neðri brún verksins og lykkjur á hverju horni á bakhlið, þannig að það er sama hvernig verkið snýr.*
8. **Merking:** Merkja með vatnsheldum penna nafn og heimilisfang á **upphengið/slíðrið**.
9. Öll verkin eru tryggð meðan á sýningunni stendur og vegna flutnings fram og til baka. (Upplýsingar um flutninga og tryggingar vegna annarra sýninga má nálgast hjá sýningarhaldara). **Týnist verk eða skemmist á meðan verkin eru í láni er sýningarhaldari ekki ábyrgur fyrir því.**
10. Útfyllt þátttökublað, ásamt mynd af verkinu, sendist fulltrúa EQA á Íslandi fyrir 28. mars 2013 þar sem þátttökublað og ljósmynd verður að sendast til EQA eigi síðar en 31. maí 2013.
11. Fulltrúi EQA á Íslandi mun senda verkin út og afhenda eigendum þeirra verkin að samsýningu lokinni.
12. Hvert aðildarlandanna velur 12 verk til þátttöku á samsýninguna eigi síðar en 30. júní 2013. Ef of mörg verk berast velur sérskipuð dómnefnd verk til sýningar. Ef verkin uppfylla ekki framangreindar reglur, sérstaklega hvað varðar stærð, lit og upphengi, verða þau ekki valin.
13. Heimilt er að nota ljósmyndir af verkunum til kynningar á sýningunni.
14. Hvert aðildarland EQA verður að leggja fram 12 verk. Ef of fá verk berast þarf stjórn Íslenska bútasauksfélagsins að óska eftir fleiri verkum frá félagsmönnum.

Sýningin verður auglýst nánar á heimasíðu félagsins: www.butasaumur.is og þar má jafnframt nálgast eyðublað vegna þátttöku.

Stjórn Íslenska bútasauksfélagsins hvetur félagsmenn til að taka þátt í verkefninu.

***Vinsamlega athugið að ósamræmi er í auglýsingu frá sýningarhaldara og upplýsingum sem EQA fulltrúi fékk á fundi með sýningarhaldara. Verður skilgreint nánar síðar.**

Ragnheiður Björnsdóttir, EQA fulltrúi

EQA sýning í Birmingham

Þagana 16.-19. ágúst var haldin, í tíunda sinn, bútasaumssýning í Birmingham. Af því tilefni var meira lagt í hana en venja er. Um það bil 1.000 stór verk voru til sýnis auk ýmissa minni sér-sýninga innan um og saman við. Áhuga-vert var hversu vélstunga og skreytingar með saumavélum kom fyrir í mörgum verkum. En „alvöru“ eða hefðbundinn bútasaumur var einnig í úrvali. Sex-kantur var í mjög mörgum teppum af öllum stærðum og gerðum og allt niður í 5/8 úr tommu að stærð. Í einu slíku teppi voru u.þ.b. 13.000 bútar. Eitt teppi var sérstakt en það var unnið úr gömlum sokkum, bolum og öðrum fatnaði allt röndótt.

European art Quilts VII sýna annað hvert ár og að þessu sinni var um mörg verk að ræða en þau munu síðan fara á nokkrar sýningar víða í Evrópu. Vegna 100 ára afmæli „the Kibbutz“, samyrkjubúanna í Ísrael var sýning frá þeim,

verk sem endurspeglar lífið á samyrkjubúunum.

Ár hvert hefur EQA ákveðið þema í þeim verkum sem aðildarlöndin senda til sýningar. Í ár voru það „Krossgötur“, tíu verk frá hverju landi 20x50 cm að stærð. Öll voru þau skemmtilega ólík en samt var svo mikill samhljómur í þeim. Frá Íslandi voru 10 verk frá níu hönnuðum. Nokkur lönd gátu valið úr innsendum verkefnum en sum, eins og Ísland, þurftu að biðja fólk um að sauma verk.

Samhliða sýningunni er ársfundur aðildarlönda EQA haldinn en þau eru 18, þar sem Lettland



Allt röndótt.



Samyrkjubú í Ísrael



Samyrkjubú í Ísrael

bættist við á síðasta ári. Á fundinum var rætt, auk samstarfsverkefnisins, að á næsta ári vilja sýningahaldararnir, Twisted Thread og Upper Street Events, fá fleiri verk frá börnum og unglíngum en þau verk hefur verið afar erfitt að fá. Var rætt á hvern hátt við gætum haft áhrif inn í skólana til að hvetja ungt fólk til að sauma bútasaum. Þá var skipaður starfs- hópur til að endurskoða lög félagsins. Ferðatöskusýning var lítillaga rædd en ákveðið að fresta henni til næsta árs.

Þessi sýning EQA var í alla staði mjög fjölbreytt og skemmtileg. Fjögur lönd, England, Írland, Ísrael og Rússland, voru með fatnað sem sýnd voru í „te-party“ sem er fastur liður og allir sem vilja geta tekið þátt í. Fjölbreytnin var mikil í þeim fatnaði og endurnýting áberandi í kápum, kjóla, og dragtir.

Sýningin í heild sinni var mjög yfirgripsmikil og ég veit ekki, þrátt fyrir nokkra daga á staðnum, hvort mér hafi tekist að sjá öll verkin. Húsið er senni-



lega eins og fótboltavöllur að stærð. Margar verslanir og söluaðilar voru þarna að selja og kynna allt sem viðkemur bútasauri. Var mjög gaman að skoða það og einstaka sinnum að láta freistast. Ég hvet ykkur til að fara á sýninguna á næsta ári því það er þess virði að gera það að minnsta kosti einu sinni. Á félagsfundi mun ég sýna myndir frá sýningunni og segja frá því sem ég upplifði þar.



„Te-party“.



Fjölbreytileiki Evrópu

Frá Íslandi fór eitt verk á sýninguna „Fjölbreytileiki Evrópu“ Það var verkið „Stúlkan mín“ eftir Láru H. Halldórsdóttur. Verkið var tilnefnt af félagskonu og stjórn samþykkti það.

Árið 2007 var efnt til samkeppni vegna 200 ára árstíðar Jónasar Hallgrímssonar. „Stúlkan mín“ er úr kvæði Jónasar sem fjallar um stúlkuna sem beið heima á Íslandi meðan Jónas dvaldi í Danmörku og biður hann lítinn fugl um að skila kveðju til hennar.

HREYFING (Movement)

Næsta samstarfsverkefni verður „Þríhyrningur“ 30 cm hver hlið og 60° horn, blár litur, 12 stykki. Þessum 12 þríhyrningum á að vera hægt að raða saman og mynda t.d. tvo sexkanta (hexagon). Upphengi á að vera lykkja á hverju horni á bakhlið, þannig að það sé sama hvernig verkið snýr. Frágangur á kanti: Brotið inn af eða saumað eins og koddaver og snúið við, frágangur á ekki að sjást á framhlið.

Nánari umfjöllun um verkefnið mun verða sett á heimasíðuna auk þáttökutilkynningar. Ég hvet konur til að fara strax að hugleiða í sexköntum eða þríhyrningum, og hafa samband við mig ef eitthvað er óljóst. Netfangið mitt er: ragnhbj20@gmail.com

Ragnheiður Björnsdóttir

Framlag Íslands á EQA sýninguna í Birmingham 2012



Sigríður María Torfadóttir. *Krossgötur - Crossroads*



Margrét Óskarsdóttir. *Hvaða leið? - Which way to go*



Guðný Benediktsdóttir. *Litaðar krossgötur - Colours Crossroads*



Vigdís Stefánsdóttir. *Lífið er krossgata - Life is a cross-road*



Lára Halldórsdóttir. *Hamingusöm eða döpur - þitt er valið - Happy or blue - it's up to you*



Guðrún S. Tómasdóttir. *Flogið burt - Flying away*



Margrét Ósk Árnadóttir. *Krossgötur 2012 - Crossroads 2012*



Ingibjörg Guðjónsdóttir. *Krossgötur á himni - Crossroads in the sky*



Dagbjört Guðmundsdóttir. *Vesturbakkinn - Vest side*



Margrét Óskarsdóttir. *Gamli kirkjugarðurinn - The old graveyard*

Október - bleiki mánuðurinn

Í næsta mánuði, eða október, er bleiki mánuðurinn og er hann til styrktar og stuðnings konum með krabbamein. Þessi erfiði sjúkdómur hefur örugglega snert okkur allar á einn eða annan hátt. Hvort sem það hefur verið móðir, systir, dóttir, vinkona, frænka eða bara við sjálfar sem höfum barist við þennan illvíga sjúkdóm. Okkur í félaginu langar að sýna þeim sem hafa þurft að horfast í augu við hann virðingu og stuðning með því að sauma bleiku slaufuna í ár.

1. Byrjið á að ljósrita eða prenta út sniðið. Sniðið má finna á þessari vefsíðu og prenta út: <http://www.caroldoak.com/pdfs/PinkRibbon.pdf>. Athugið að prentaða hliðin af sniðinu er bakhliðin. Stillið saumavélina á smátt spor 2-2.5, fer eftir vélum. Þetta mun hjálpa til við að rífa pappírinn frá þegar búið er að sauma.
2. Klippið bút af efni sem er nógu stór til að þekja hluta nr. 1 og ekki gleyma að hafa ¼“ í saumfar. Snúið sniðblaðinu þannig að rangan sé upp, setjið fyrsta efnið ofan á með réttuna upp, gott er að halda blaðinu upp við gott ljós til að sjá hvar á að staðsetja efnið. Festið með tituprjóni.
3. Klippið bút af efni sem er nógu stór fyrir bút nr. 2 plús saumfar. Betra er að hafa ríflega af efni og snyrta svo eftir að búið er að sauma.
4. Leggið efnið fyrir bút nr. 2, með réttuna niður, ofan á efni nr. 1. Festið.
5. Snúið blaðinu við yfir á prentuðu hliðina. Saumið í línuna á milli nr. 1 og nr. 2.
6. Snúið blaðinu við, snyrtið saumana niður í ¼“.
7. Pressið bút nr. 2 yfir á sinn stað, þá eru báðir búturnir með réttuna upp.
8. Klippið næsta bút nógu stóran fyrir nr. 3. Ekki gleyma ¼“ í saumfari. Leggið hann með réttuna niður á búta nr. 2 og 3, haldið búturnum á réttum stað, snúið við og saumið niður á línu á milli 1+2 og 3.
9. Snúið við, snyrtið saumana í ¼“ eins og áður og pressið bút nr. 3 yfir á sinn stað.
10. Svona er þetta gert koll af kalli þangað til að búið er að hylja allt sniðið.
11. Blokkinn er saumuð í tveimur pörtum – efri og neðri hluti – Báðir hlutarnir eru gerðir eins og saumaðir svo saman.

Blokkina er hægt að nota í margt, t.d. sem bollamottu, litla buddu, í miðju á tösku og margt fleira.

Á netinu er hægt að finna mjög góðar leiðbeiningar fyrir pappírssaum, en þær sem hafa tök á því geta sótt námskeið í pappírssaum á vegum félagsins í haust. Kennari verður Lynda Harðardóttir. Allar nánari upplýsingar og skráning fer fram hjá Lyndu á netfanginu: krumlynd@simnet.is

Efnisnotkun:



Efni	Fjöldi stk.	Stærð	Númer	Staðsetning
Bleikt	2	1 ½“ x 4“	2, 3	neðri hluti
Bleikt	2	1 ½“ x 3 ¼“	5, 6	efri hluti
Bleikt	2	1 ½“ x 2 ½“	2, 3	efri hluti
Bleikt	1	1 ¼“ x 1 ¾“	4	efri hluti
Hvítt	1	3 ¾“ x 3 ¾“ [/]	6, 7	neðri hluti
Hvítt	3	3“ x 3“	1, 4, 5	neðri hluti
Hvítt	2	2 ½“ x 4“	12, 13	efri hluti
Hvítt	1	1 ¾“ x 2“	1	efri hluti
Hvítt	2	1 ¾“ x 1 ¾“ [/]	7, 8, 9, 10	efri hluti
Hvítt	1	1 ¼“ x 3“	11	efri hluti

[/] Skorið í fering og síðan í þríhyrning = tveir þríhyrningar

*Gangi ykkur vel og góðar saumastundir
Erla Esther- og Sigurðardóttir*



Slaufan er saumuð af Lyndu Harðardóttur.




Vertu með okkur á

<http://www.facebook.com/butasaumur>

facebook[®]

Orkuteppið



Fyrir allmörgum árum ákváðu konur sem þá störfuðu á Orkustofnun að koma með eitt og annað sem þær höfðu unnið í höndunum og setja upp handavinnusýningu. Upphaflega hugmyndin kom reyndar frá konu sem aldrei stundaði hannyrðir en dáðist mjög að því sem samstarfskonur hennar komu með í vinnuna til að stæra sig af. Sýningin var sett upp í einu fundarherbergja stofnunarinnar og það verður að segjast að konur höfðu greinilega ekki setið auðum höndum heima fyrir, svo fjölbreytt var hún. Þarna voru þjóðbúningar, veggteppi, dúkar, púðar, jólas kraut og brúður af ýmsu tagi. Karlmennirnir á stofnuninni létu sitt ekki eftir liggja og komu með sitt heimafondur, bæði prjónaskap og alls kyns heimasmiðuð tól og tæki. Á opnun sýningarinnar buðu þeir einnig upp á annars konar heimafondur eins og alls kyns líkjöra og berjavín og fluttu auk þess heimagerðan brag, sem saminn var af tilefni sýningarinnar. Sýningin átti upphaflega að standa yfir í eina viku, en vegna áskorana var hún framlengd.

Þar sem til stóð að gera upp fundarherbergið, þar sem sýningin var haldin,

Skýringar við teppið:

Efst til vinstri er jarðfræðikort af Íslandi sem sýnir helstu jarðmyndanir og gosbeltið.

Til hægri er línurit yfir orkunotkun á Íslandi á árunum 1930 – 1990.

Miðbúturinn til vinstri er saumaður eftir mynd af nemum Jarðhitaskóla Sameinuðu Þjóðanna 1994 þar sem þeir standa við Snorralaug. Í miðju til hægri er mynd af Geysi í Haukadal.

Næst til vinstri er foss sem fellur fram af klettabrún og til hægri sjást áhöld sem notuð eru við efnagreiningar vatns.

Næst sést svo dæmigert jarðlagasnið sem skorðið er af misgengjum og myndar sigdal. Næðan úr teppinu hangir ballest í formi sjávarnúinna steina úr Reynisfjörú.

fengu nokkrar konur þá hugmynd að standa saman að því að sauma veggteppi til að hengja upp í fundarherberginu. Veggteppið skyldi endurspegla starfsemi Orkustofnunar í nokkrum bútum, eins og rannsóknir við jarðhita og vatnsorku svo og kennslu. Og þannig varð þetta teppi til. Konur saumuðu búтана heima hver fyrir sig, en unnu svo saman að því að koma teppinu saman og ganga frá því. Stærð teppisins er 100x56 cm. Þær sem komu að gerð þessa teppis voru: Guðrún Bjarnadóttir, Ingibjörg Kaldal, Ragna Karlsdóttir, Steinunn Hauksdóttir og Vigdís Harðardóttir.

Inga Kaldal, Ragna Karlsdóttir



Minningargrein



Guðrún Bjarnadóttir fædd 1. ágúst 1949 var ein af þeim sem saumaði Orkustofnunarteppið. Hún lést 23. ágúst, 2012 eftir stutt en erfið veikindi. Guðrún gekk í Íslenska bútaumsfélagið á stofnfundi þess og tók alla tíð virkan þátt í félagsstarfinu. Var kjörin í sýningarnefnd á síðasta ári og

mætti á fund skömmu fyrir andlátíð, áhugasöm og hvetjandi. Við minnumst Guðrúnar sem einlægrar vinkonu, mikillar hannyrðakonu og góðrar bútaumsvinkonu. Blessuð sé minning hennar.

*Guðríður Ólafsdóttir
Margrét Ósk Árnadóttir*



Strandmenning



Hrönn með verkid sem hlaut 1. verðlaun: Augnablik, 77x88 cm.

ingu en innsend verk, átta talsins, voru sýnd á aðalfundi félagsins í Gerðubergi 12. maí 2012. Dómnefnd valdi þrjú verk til verðlauna. Fyrstu verðlaun hlaut Hrönn Scheving fyrir verkid „Augnablik,“ önnur verðlaun Lára Halldórsdóttir fyrir „Yfirvofandi“ og þriðju verðlaun Guðrún S. Tómasdóttir fyrir verkid „Við Gróttu á góðum degi.“

Hrönn Scheving

Við heimsóttum Hrönn Scheving til að forvitnast um hana og eitt af áhugamáluum, búta-

Efnt var til samkeppni á vegum Íslenska búta-
saumsfélagsins 2012 undir heitinu Strandmenning og var

átlað að sýna afraksturinn á vorsýningu í Víkinni Sjóminjasafni. Vegna lélegrar þátttöku varð ekki af þeirri sýn-

sauminn. Hrönn býr á Kjalarnesi, undir Esjunni með útsýni til sjávar, umvafin trjám og runnum og öðrum jarðar-



2. verðlaun: Yfirvofandi. 64x86 cm. Lára H. Halldórsdóttir.



3. verðlaun: Við Gróttu á góðum degi. 72x86 cm. Guðrún S. Tómasdóttir.



Hrönn í saumaerberginu.

gróðri, í sannkallaðri Paradís. Innandyra er önnur Paradís, saumaerbergi frúarinnar sem hún er nýbúin að standsetja.

Hrönn hefur frá unga aldri haft gaman af allri handavinnu. Eins og margar bútasaumskonur var hún dugleg að sauma og þrjóna fatnað á fjölskylduna þegar börnin voru að vaxa upp. Hún kynntist bútasaumi fyrst á áttunda áratugnum á námskeiði sem Anna M. Höskuldsdóttir hélt fyrir áhugasamar

konur á Kjalarnesi. Nokkur ár liðu án þess að mikill tími gæfist til bútasaums, en árið 1995 um það leyti sem verslunin Bóthildur opnaði, endurnýjaði hún kynnin við bútasauminn og eftir það var ekki aftur snúið. Bæði fannst henni gaman að læra meira um

handverkið en ekki síður heillaði samveran með skemmtilegum konum sem höfðu fundið sér sameiginlegt áhugamál. Hrönn hefur alla tíð síðan haldið hópinn með konunum sem hún kynntist í Bóthildi og segir það hafa verið sér mikla gæfu að falla fyrir bútasaumnum á sinni tíð. Einnig hafði námskeið sem Guðrún Hannele Henttinen hélt árið 2000 hjá Endurmenntun Háskóla Íslands um Sögu og hefðir í bútasaumi

mikil áhrif því að upp frá því var Íslenska bútasaumsfélagið stofnað og sat Hrönn í stjórn félagsins fyrstu fimm árin. Þar kynntist hún góðum hópi kvenna sem hafa haldið vel saman æ síðan.

Hrönn saumaði fyrst og fremst hefðbundinn bútasaum, en síðustu árin hefur hún prófað frjálsari aðferðir. Árið 2008 hannaði hún verk sem var valið eitt af 10 sem send voru fyrir hönd félagsins til Birmingham á 10 ára afmælisýningu Evrópusambands bútasaumsfélaga, „Celebration.“ Einnig átti hún verk á samsýningu EQA „Color Connections“ sem haldin var í Birmingham og Ráðhúsi Reykjavíkur 2010. Hrönn hefur tvisvar tekið þátt og hannað eigin verk í samkeppnum á vegum félagsins, árið 2009 fyrir Hafid og nú Strandmenningu 2012. Við óskum Hrönn innilega til hamingju með verðlaunaverkið og vonum að hún haldi áfram að þroska hæfileikana og eigi endalausar ánægjustundir í bútasaumnum.

Margrét Ósk Árnadóttir

Hetjuteppi á aðalfundi 2012

Laugardaginn 12. maí var aðalfundur bútasaumsfélagsins haldinn í Gerðubergi. Hefð hefur verið fyrir því að sýna á þessum fundi hetjuteppi sem félagsmenn hafa saumað á árinu, sem afhent verða síðan Umhyggju fyrir hönd félagsins.

Að þessu sinni gáfu félagsmenn 30 teppi, hvert öðru fallegra. Það vakti athygli undirritaðrar hversu glaðleg og björt teppin voru. Þau eru flest í miðlungs-stærð, þannig að hægt verður að nota þau hvort heldur sem er sem veggteppi, eða “kúruleppi”. Börnin sem munu velja sér teppi úr þessari sendingu munu svo sannarlega eiga í erfiðleikum að velja sér því úrvalið er glæsilegt. Ragna Marinósdóttir, framkvæmdastjóri Umhyggju, sér um að velja hópa innan Umhyggju sem fá teppi og dreifir afhendingu á árið.

Fyrir hönd Hetjuteppanefndar vil ég



Dagbjört Guðmundsdóttir raðar teppum í hliðarsal Gerðubergs á aðalfundi félagsins 2012.

þakka öllum þeim félagsmönnum sem gáfu teppi að þessu sinni, svo og öllum þeim sem hafa gefið teppi á árum áður. Við megum ekki gleyma því að því miður bætast alltaf ný börn í raðir Umhyggju

og því alltaf nýir einstaklingar á hverju ári sem fá teppi frá okkur.

Borghildur Ingvarsdóttir

Ræmurnar Hornafirði

Bútasaumsfélagið Ræmurnar á Höfn var stofnað af vöskum bútafíklum árið 2002. Það voru um 30 konur sem stofnuðu félagið og ákváðu að hittast fyrsta sunnudag í mánuði frá september fram í maí. Núna hittumst við tvisvar sinnum í mánuði yfir veturinn. Þessa sunnudaga mæta um 6-15 konur. Við erum misvirkar í hópnum en alltaf er tekið vel á móti þeim sem koma.

Árlega er farið í langa saumahelgi á sveitahóтелиð Smyrlabjörg í Suðursveit sem er ekki langt frá Höfn. Þessi helgi er vel sótt því hún er einstök í alla staði. Þær allra hörðustu eru farnar að koma á fimmtudagskvöldi en flestar koma eftir vinnu á föstudeginum. Við vinnum að okkar eigin verkefnum en oft hefur stjórnin skipulagt óvissuverkefni. Einnig miðlum við af nýrri tækni sem hver og ein hefur aflað sér. Að vera á Smyrlabjörgum er draumur hvers bútasaumskonu. Byrjað er á morgunverði, svo er saumað, kallað á okkur í hádegismat, sest aftur að saumum, kallað í okkur í kaffi og svona heldur þetta áfram alla helgina, draumur ekki satt? Saumað og saumað



Sigríður Ingólfsdóttir, Sigrún I. Sveinbjörnsdóttir og Nanna Gunnarsdóttir.


og rétt staðið upp til að næra sig og hafa veitingarnar alltaf verið framúskarandi. Það besta við dvölinna er að ekkert þarf að koma nálægt eldhúsvinnu.

Gaman er hvað aldursbreiddinn í hópnum er mikil. Sú elsta er fædd 1926, mjög virk og lætur haustferðina aldrei fram hjá sér fara, okkur hinu til mikilla gleði, en sú yngsta er rétt um þrítugt.

Við höfum haldið þrjár sýningar á verkum okkar og

með því reynt að vera sýnilegar og vonumst þar með að fá fleiri konur í hópinn. Við vorum með sýningu í sumar, þar sem sum verkanna voru í miðbæjar-kjarnanum, en flest verkin voru í bókasafninu. Til gamans má geta þess að eftir sýningu hjá okkur kom fyrirspurn frá einum sýningargesti frá Þýskalandi hvort við gætum saumað fyrir hann teppi sem kærasta hans hafði heillast af á þeirri sýningu. Þetta átti að vera gjöf til hennar til minningar um vel heppnaða





ferð um Ísland. Auðvitað var orðið við bón mannsins og sendum við teppið stoltar frá okkur.

Í febrúar ár hvert höfum við einnig langa saumahelgi í húsi verkalýðsfélagsins á Höfn, þar sem við höfum alltaf saumað í gegnum tíðina. Þar er þó engin Laufey á Smyrlabjörgum að dekra við okkur í mat og drykk, en gaman samt.

Í maí sl. komu bútaumskonur af Austurlandi í heimsókn og saumuðu með okkur og var það mjög skemmtileg nýjung í starfi félagsins og lærðum við mikið hver af annari. Ræmurnar ætla á

hausti komandi að þiggja boð þeirra um heimsókn. Í litlu félagi eins og okkar eru svona heimsóknir eins og góð vítamín-sprautu og eru vonandi komnar til að vera.

Við í Ræmunum höfum bloggsíðu www.sauma.123.is og höfum við verið duglegar að setja inn myndir og nýjungar. Þar er einnig dagatal fyrir hitting hjá okkur og þær sem hafa áhuga að koma inn í

Mynd unnin af Bryndísi Hólmarsdóttur.

skemmtilegan hóp eru ávallt velkomnar.

Sigrún I. Sveinbjörnsdóttir



Efri röð frá vinstri: Anna Birna Benediktsdóttir, Bryndís Hólmarsdóttir, Sigrún I. Sveinbjörnsdóttir, Nanna Gunnarsdóttir, Hafey L. Einarsdóttir, Anna G. Albertsdóttir, Sigrún Ingólfsdóttir. Neðri röð frá vinstri: Ólavía Hansen, Ásdís Ólafsdóttir, Birna Aðalsteinsdóttir, Sandra Sigmundsdóttir, Signý Guðmundsdóttir, Rigmor Albertsdóttir, Valdís Kjartansdóttir

Leiðbeiningar fyrir jólasveinamottu



Efni:

A Ar I J Jr L Lr

ljós litur

B G Gr K Kr

rautt

D Dr

húðlitur

F

svart

C E Er H

hvítt

Efni fyrir beltið


Perlugarn til að sauma augun eða litlar svartar tölur

Tala fyrir beltið

Teiknið upp sniðið og bætið ¼“ saumfari við þegar þið sniðið efnið. Mikilvægt er að allar línur séu beinar. Hægt er að stækka/minnka sniðið í ljósritunarvél ef vill. Saumið saman D og E og Dr og Er og saumið þau síðan saman. Saumið saman B og C stykkinn og bætið þeim við. Þá er komið andlit og hattur. Saumið svo A og Ar-stykkinn hvort sínum megin við andlitið og hattinn. Saumið saman FGHGrF stykkinn og bætið I-stykkjum við sitt hvorn endann. Saumið þennan hluta við toppstykkið. Saumið saman JKL og LrKr Jr stykkinn. Saumið þau svo saman og saumið síðan neðan á stykkið. Applikerið

beltið á jólasveininn, annaðhvort í höndum eða vél. Festið tölu á beltið. Gerið hnút fyrir augun eða notið litlar tölur. Sniðið bakstykkið og vattið aðeins stærra en mottan er og leggið saman þannig: Bakstykkið með rönguna upp, vattið ofan á og myndin ofan á vattið með réttuna upp og stingið ef vill. Snýrtið kantana og saumið kantinn á og mottan er tilbúin. Ég sneið 2“ kant sem ég braut í tvennt og straujaði. Góða skemmtun.

Margrét Óskarsdóttir



Leiðbeiningar fyrir kaffibolla




Efni:

Ljóst efni í bakgrunn, efni fyrir kaffibolla, undirskál og dúk, útsaumsgarn fyrir handfang á bolla. Efni í bak, vatt og kant. Látið hugarflugið ráða í litavali.

Teiknið upp sniðið (gott að nota smjörpappír, sníðapappír eða annan pappír sem hægt er að sjá í gegnum) og bætið $\frac{1}{4}$ " saumfari við þegar þið sniðið efnið. Mikilvægt er að allar línur séu beinar og því er gott að nota reglustiku. Einnig er hægt að ljósrita myndina og klippa sniðið í sundur. Hægt er að stækka/minnka sniðið í ljósritunarvél ef vill. Saumið D-stykkinn við C-stykki, saumið svo B-stykki við þann hluta, þá er bollinn tilbúinn. Næst eru A-stykkinn saumuð við hvort sínum megin við bollann. Þar næst eru E, F og Er stykkinn saumuð saman og þeim bætt við það sem búíð er að sauma saman. G-stykki sniðið og ofan á það er dúkurinn appliker-

aður, annaðhvort í höndum eða vél. Þessi hluti er svo saumuður neðan á stykkið sem búíð er að sauma og þá er myndin tilbúin. Saumið handfangið með kontorsting eða í vél. Sniðið bakstykkið og vattið aðeins stærra en mottan er og leggið saman þannig: Bakstykkið með rönguna upp, vattið lagt ofan á og myndin ofan á vattið með réttuna upp og stingið ef vill. Snyrtið kantana og saumið kantinn á og mottan er tilbúin. Ég sneið 2" kant sem ég braut í tvennt og straujaði og saumaði á. Góða skemmtun.

Margrét Óskarsdóttir



Viðtal við Sigrúnu I. Sveinbjörnsdóttir

Hvenær gekkst þú í bútasaumsfélagið Ræmurnar og hvers vegna?

Ég hafði séð fallega bútasaumsmynd af seglskútum og bátum uppi á vegg hjá vinkonu minni, Bryndísi Hólmar, og má segja að ég hafi fallið fyrir bútasaumi á staðnum. Bryndís lánaði mér síðan mottuna sína hnif og annað sem til þarf. Bryndís er í bútasaumsfélaginu Ræmunum hér á Höfn og hvatti mig til að koma á saumamorgun einn sunnudag og eftir það varð ekki aftur snúið. Þar tóku á móti mér þvílíkir snillingar sem vildu allt hvor fyrir aðra gera, lána hitt og þetta og miðla af reynslu sinni sem var ómetanlegt fyrir óreynda konu eins og mig. Þetta var í kringum 2000. Ég hafði litla sem enga þekkingu í þessum efnum en hafði farið mörgum árum áður á námskeið í bútasaumi en þá voru ekki komin eins mörg áhöld og „trix“ eins og við þekkjum núna.



Hringpúðar.

koma meira frá mér, ekki síst líður mér þannig þegar ég hef verið með þessum

hef ég alltaf verið opin fyrir því sem er í kringum mig, litum og formum og langaði að koma því einhvern veginn inn í saumaskapinn minn. Litirnir í náttúrunni kalla fram myndir í huga mér, eins og t.d. fallegu bláu litirnir hér í Hornafirði, og græni liturinn í djúmmosa er einstakur. Ég leitaði að efnum sem kallaði fram þessa tilfinningu hjá mér en hef ekki fundið þau og því fór ég að velta fyrir mér að læra að lita efni og fór að skoða á netinu. Þar rakst ég á danskan skóla sem var með sumarnámskeið í hinum og þessum listgreinum og m.a í frihendis saumavélarbróðeringu. Ég fór þangað með frænku minni sem tók myndlistarkúrs. Þessi vika var engu öðru lík og þar fann ég minn stað.

Frihendis saumavélarbróðering er þannig að maður setur tennurnar niður á vélinni og fótinn niður til hálf eins og þegar verið er að „kráka“. Nálín er notuð eins og pensill og því þarf mikið af tvinna í sum verkin og marga liti. Þarna gat ég loks fundið litina sem ég hafði leitað lengi eftir. Næsta skref hjá mér er að lita efni til að nota í myndverkin mín. Ég endurnýti mikið efni, en mér finnst bútasaumur nútímans ekki vera nógu duglegur að endurvinnna efni sem liggja um allt á heimilum okkar. Fallega



Æðarfugl.

Nú hefurðu snúið þér að óhefðbundnum bútasaumi, hvað varð til þess?

Ég hef alltaf átt erfitt með að fara alveg eftir sniðum og hef haft mikla þörf fyrir að skapa minn eigin stíl og vegna þessa geri ég ekki marga hluti og finnst það stundum leiðinlegt að það skuli ekki

elskum á löngum helgum að sauma og sumar stelpurnar framleiða löbera og teppi eins og enginn sé morgundagurinn. Mér fannst eitthvað vanta í hefðbundinn bútasaum og langaði að blanda annari tækni við það sem ég hafði lært, fór að sauma út myndir sem ég setti á tehattur og gaf hægri vinstri. Einnig

gráa efnið í myndinni af æðafuglinum er bútur úr gömlu sturtuhengi.

Ég hef aðeins verið að sauma kort fyrir vini mína og t.d. gerði ég eitt brúðarkort sem minnti á brúðhjónin, frúin í takkaskóm, kallinn í veiði og jeppinn þeirra hjá þeim. Einnig saumaði ég handa þeim hringapúða þar sem ég fékk dóttur þeirra til að teikna mynd fyrir mig af mömmu sinni og pabba og ég kom myndinni á púðann og saumaði fríhendis. Ég gaf þeim hann síðan í brúðargjöf og hangir hann uppi á vegg í sérhönnuðum ramma. Margir hafa spurt mig hvort ég hafi fullkomna tölvuvél þar sem ég ýti bara á takka til að láta vélina gera þetta fyrir mig. Svo er ekki. Ég hef gert mest allt af þessu á gömlu vélina mína og þetta er allt gert fríhendis. Ég hef átt erfitt með að sýna hlutina mína en er að reyna að hætti þeirri vitleysu, maður þarf að sýna til að geta fengið viðbrögð og læra af reynslunni, svo það má segja að ég sé að stíga út úr skápnunum með list mína.

Er þetta áhugamál eða ætlarðu að fara með þetta lengra?

Ég þurfti að hætta í þeirri vinnu sem ég menntaði mig til, snyrtifræði, vegna gigtar. Ég hef ekki getað sinnt listinni eins og ég vildi vegna vinnu og veikinda en ég ákvað þegar ég þurfti að hætta að vinna að örvænta ekki því þegar einar dyr lokast þá opnast bara aðrar, og hefur mig lengi langað að stíga þetta skref. Það var stórt stökk að hætta í launaðri vinnu sem ég unni mikið því segja má að snyrtifræði sé listgrein út af fyrir sig.

Við hjónin keyptum gamalt hús hér á Höfn og ætlum að opna vinnustofur og leigja út íbúðir og vinnuástöðu fyrir listafólk alls staðar að úr heiminum. Með þessu brölti okkar ætti ég að geta fengið smátekjur og ekki síst umgengist annað listafólk og vonandi lært eitthvað af því. Ég er ákveðin í að gera meira í þessari listgrein og verður hún samofin



Skírmarkjöll.

bútasauri. Ég hef lengi haft mynd í huga mér af verkum sem tengjast sjónum og lífinu í kringum hann. Ég sé verkin fyrir mér og er að reyna að koma þeim frá mér, bæti við mig tækni og reynslu sem ég þarf til að koma þessu frá mér svo vel sé og er því framtíðin spennandi.

Mig grunaði aldrei að þegar ég fór í heimsókn til Bryndísar á síðustu öld að ég ætti eftir að enda í bútasauri og hanna mín eigin verk. Mér fannst þetta svo flókið í byrjun. En ég segi við alla sem eru þarna úti og fallast hendur þeg-

ar þeir sjá fallega bútasaurshluti að fara á námskeið, eða í félagsskap eins og við eigum hér á Höfn, því það eina sem þarf er áhugi. Hitt allt kemur fljótt.

Við þökkum Sigrúnu spjallið og óskum henni alls hins besta á þessari vegferð hennar.

*Erla Esther- og Sigurðardóttir
Margrét Óskarsdóttir*

www.butasaumur.is

Stjórn og nefndir félagsins 2012-2013

Stjórn félagsins skipa:

Lovísa Jónsdóttir, formaður



Lovísa er fædd að Skeiðsfossi, Fljótum í Skagafirði, en uppalin á Akranesi. Hún var búsett í Vestmannaeyjum í 15 ár en býr nú í Reykjavík og starfar sem bókarí.

Lovísa fékk snemma tilsögn hjá systurum og frænkum í Fljótunum í lopadúkkum- og fatagerð. Móðir hennar var saumakona og féllu oft til góðir búmer í föndurgerðina. Lovísa hefur stundað fatasaum, perlu- og útsaum, einnig hekl og þrjón. Þá hefur hún fíktað við glerskurð, ullarþæfingu og körfufléttingar svo eitthvað sé nefnt.

Lovísa þarf alltaf að hafa mörg járn í eldinum. Hún reyndi að forðast bútasaum fram á síðustu stundu en hafði oft verið hvött til að skoða hann. Vissi að hannyrðafíkillinn ætti erfitt með að standast þá áskorun. Árið 2001 fór Lovísa svo á námskeið í bútasámi hjá Guðfinnu í Virku. Síðan hefur hugurinn snúist að mestu um bútasaum.

fingurbjorg@gmail.com

Ragnheiður Björnsdóttir, gjaldkeri og umsjón með EQA



Ragnheiður er fædd á Húsavík en ólst upp á Laugum í Reykjadal. Nálægð við húsmæðraskólann og áhrif kvenfélagsins þar mótaði áhuga hennar á hverskyns hannyrðum. Kvenfélag S-Þingeyinga bauð upp á ótrúlegan fjölda námskeiða í hannyrðum sem móðir hennar sótti og kveiktu áhuga Ragnheiðar. Bútasáumur hefur verið í huga hennar sl. þrjátíu ár en fékk ekkert rými hjá henni, vegna annarra áhugamála fyrr en fyrir sex árum. Ragnheiður hefur ekki sótt nein námskeið í tengslum við bútasaum en klúbbsystur hennar hafa verið duglegar að leiðbeina henni.

ragnheib@raunvis.hi.is

Olga Magnúsdóttir, ritari



Olga er fædd á Akranesi og uppalin í Reykjavík. Hún er lærður kjötíðnaðarmaður og starfaði við það þar til hún flutti að Ósi 3 í Hvalfjarðarsveit 1982. Þau hjónin

eiga og reka verktakafyrirtæki og starfar Olga við það sem fjármálastjóri. Þau eiga fjóra syni og tvö barnabörn. Olga hefur verið mikið fyrir handavinnu alveg frá því að hún var smástelpa og saumaði og þrjónaði á dúkkurnar sínar. Hún saumaði einnig mikið á strákanna sína þegar þeir voru litlir. Olga fór á fyrsta bútasáumsnámskeiðið 1988 og saumaði í nokkur ár. Tók sér þá hlé en byrjaði svo aftur 2009 og gekk til liðs við Skraddaralýsnar síðastliðið haust og hefur verið óstöðvandi síðan. Olga hefur gaman af allri handavinnu og er farin að þrjóna aftur eftir nokkurra ára hlé. Annað áhugamál hennar er garðrækt og hafa þau hjón ræktað stóran garð á Ósi við erfiðar aðstæður frá sjó og vindi.

Margrét Ósk Árnadóttir, meðstjórnandi og tengiliður við sýningarnefnd, moa2@simnet.is

Margrét G. Björnsdóttir, meðstjórnandi, margretbj@simnet.is

Svala K. Stefánsdóttir, varastjórnandi, gagga@centrum.is

Hulda Petersen, varastjórnandi, huldapetersen@gmail.com

Hetjuteppanefnd

Dagbjört Guðmundsdóttir, dagbjortg@internet.is

Borghildur Ingvarsdóttir, sími 849 8022

Guðrún Auðunsdóttir

Ritnefnd

Margrét Óskarsdóttir, margretoskars@simnet.is

Erla Esther- og Sigurðardóttir, erla74@hotmail.com

Kristín Jónsdóttir, prófarkalestur

Umsjón með heimasíðu

Erla Esther- og Sigurðardóttir, erla74@hotmail.com

Kaffinefnd

Ingibjörg Guðjónsdóttir

Fanney Davíðsdóttir

Guðrún Auðunsdóttir

Jensína Jóhannsdóttir

Sýningarnefnd

Guðríður Ólafsdóttir

Björk Arnardóttir, bjarkarhlid@hotmail.com

Erla Esther- og Sigurðardóttir, erla74@hotmail.com

Vertu með okkur á

<http://www.facebook.com/butasaumur>

facebook®

Twill

Vefnaðarvörur

Twill

Metravara

Fylgihlutir

Rennilásar

Borðar

Tölur

Sérpantanir

Fataefni

Ný vefnaðarvöruverslun Fákafeni 9

Flott efni á frábæru verði!

- Satin spandex, margir litir - verð **890,-** kr. m
- Leggingsefni, margar gerðir - verð frá **1.780,-** kr. m
- PU (gervileður), margir litir - verð frá **2.780,-** kr. m
- Satin- og Organzaborðar, margir litir - verð frá **38,-** kr. m
- Rennilásar, mikið úrval og litir, t.d. grófir plast 50 sm - verð **365,-** kr. stk
- Fallegir skrautborðar, mikið úrval og frábær verð!

Gerio verðsamanburð!

Twill • Fákafeni 9 • Sími 551 6500



Sigrúnu I. Sveinbjörnsdóttir. Forsíða á ferðabækling.